Sþ. **305. Tillaga til þingsályktunar** [144. mál]

um endurskoðun á gildandi reglum um tekjustofna sýslufélaga.

Flm.: Jón Árnason, Ásgeir Bjarnason, Sigurður Ágústsson,
Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta svo fljótt sem auðið er hefjast handa um endurskoðun á gildandi reglum um tekjustofna sýslufélaga í því skyni að setja skýrari ákvæði um tekjustofna sýslufélaga og sjá þeim fyrir nægilegum tekjum til þess að mæta lögboðnum og öðrum óhjákvæmilegum útgjöldum.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum er ákveðið, hver séu verkefni sýslufélaga. Kemur það sérstaklega fram í IV. kafla laga nr. 58/1961, um sveitarstjórnir, hver þau skuli vera. Er þar sett fram sú meginregla, að sýslufélögin skuli annast stjórn á öllum sveitarstjórnarmálum, sem varða sýslu í heild. Þá er sýslufélögum skylt að bera kostnað af ákveðnum framkvæmdum og ýmsum sameiginlegum rekstri sveitarfélaganna.

Í 101. gr. nefndra laga er að finna meginákvæði um þá tekjustofna, sem sýslusjóðum eru ætlaðir til þess að standa straum af hinum sameiginlega kostnaði, en þar segir: „Því, sem á vantar, að tekjur sýslusjóðs hrökkvi fyrir útgjöldum hans, skal jafnað niður á hreppana," — eftir tilteknum reglum, sem greinir nánar í lögunum. Af þessu orðalagi mætti ætla, að megintekjustofninn sé fastur og því, sem á vanti, að endar nái saman, skuli jafna niður á sveitarfélögin. Hér virðist vera um meginmisskilning að ræða, því að tekjur sýslufélaga eru að heita má einungis hið niðurjafnaða gjald, sem lagt er á hreppana.

Með hliðsjón af því mikla hlutverki, sem í dag hvílir á sýslufélögunum, er ekki óeðlilegt, að fram fari endurskoðun á þeim reglum, sem í gildi eru um skyldur einstakra sveitarfélaga til greiðslu í sýslusjóð, og þá einnig, að kannað sé, hvort rétt væri, að hlut sýslufélaga í þeim opinberu framlögum, sem nú eru greidd til sveitarfélaga, ætti að auka eða afla nýrra tekjustofna í þessu skyni.